

Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúsins 2026

Foreldrakönnun er mikilvægur liður í því að hlusta á raddir foreldra og þróa leikskólastarfið áfram. Hún gefur foreldrum færi á að deila reynslu sinni og segja okkur hvað gengur vel og hvar tækifæri eru til úrbóta, með það að markmiði að efla gott samstarf heimilis og leikskóla.

Niðurstöður nýjustu könnunar sýna að foreldrar eru almennt mjög ánægðir með leikskólann og að börnunum líður vel í daglegu starfi. Foreldrar lýsa því að andrúmsloftið sé jákvætt, samskipti góð og að leikskólinn sé öruggur og hlýlegur staður fyrir börn að vera í. Á mörgum sviðum er Núpur einnig yfir landsmeðaltali, sem staðfestir að faglegt starf og markviss þróun eru að skila sér í daglegu starfi leikskólans.

Hvað erum við að gera vel?

Börnunum líður vel í leikskólanum

- Foreldrar upplifa að börnunum þeirra líði vel í leikskólanum og að gleði og öryggi einkenni daglegt starf.
- Félagsleg samskipti barna og þátttaka án aðgreiningar eru metin mjög góð

Þetta tengist einkunnarorðinu gleði – leikurinn, samskipti og vellíðan barna eru í fyrirrúmi.

Upphaf og endir leikskólagöngu

- Foreldrar eru mjög ánægðir með móttöku barna við leikskólabyrjun.
- Flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla er talinn vera mjög vel heppnaður og er Núpur þar yfir landsmeðaltali.

Hér endurspeglast samvinna og öryggi í góðu samstarfi við foreldra og önnur skólastig.

Umhverfi sem styður við leik og nám

Húsnæði, aðstaða og umhverfi leikskólans fá mjög góða einkun. Núpur er þar marktækt yfir landsmeðal

Þetta styður við einkunnarorðið sköpun – boðið er upp á aðstæður sem hvetja til leikja, rannsókna og fjölbreyttrar námsupplifunar.

Foreldrar betur upplýstir um starf leikskólans

- Mikil framför hefur orðið á upplifun foreldra af því hversu vel upplýsta um stefnu, áherslur og faglegt starf leikskólans þeir telja sig vera. Þessi þáttur hækkar einna mest frá fyrra ári og er marktækt yfir landsmeðaltali.

Hér endurspeglast sjálfstæði og fagleg forysta í starfi skólans.

Hvað hefur breyst frá síðastu könnun?

Það sem hefur batnað

- Foreldrar upplifa framfarir í:
 - upplýsingum um stefnu og námsskrá
 - félagslegu umhverfi barna
 - leikskólabyrjun og aðlögun

Þetta sýnir að markviss vinna undanfarinna ára er að skila góðum árangri.

Það sem kallar á nánari athugun

- Ánægja með upplýsingamiðlun til foreldra hefur lækkað frá fyrra ári.
- Nokkuð lægri ánægja mælist með:
 - heimasíðu leikskólans
 - hvatningu til þátttöku foreldra í skólastarfinu

Þetta eru atriði sem við tökum alvarlega og viljum gera betur í.

Hvar viljum við gera betur?

Þegar barn skiptir um deild

- Flutningur barna milli deilda er sá þáttur sem sker sig neikvæðast úr miðað við landsmeðaltal.
- Foreldrar upplifa að bæta megi:
 - upplýsingagjöf
 - Undirbúning
 - samfellu og öryggi í ferlinu

Þetta er orðið að skýru forgangsatríði í umbótastarfi næsta skólaárs.

Upplýsingamiðlun og samskipti

- Foreldrar kalla eftir reglulegri og skýrari upplýsingum um daglegt starf.
- Þótt þessi þáttur hafi verið sterkur undanfarin ár, virðist hafa orðið bakslag að þessu sinni.

Við munum rýna nánar í niðurstöðurnar og vinna markvisst að úrbótum.

Hvað gerum við næst?

Niðurstöður foreldrakönnunar gefa okkur mikilvæga leiðsögn til framtíðar. Á næsta skólaári munum við leggja sérstaka áherslu á að bæta ferla við flutning barna milli deilda og tryggja meiri samfellu og betri upplýsingagjöf til foreldra. Þá viljum við auka og bæta upplýsingamiðlun um starfið í daglegum samskiptum. Um leið munum við áfram leggja rækt

við styrkleika leikskólans – vellíðan barna, skapandi starf og gott samstarf heimilis og leikskóla.

Að lokum

Við viljum þakka foreldrum kærlega fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt í foreldrakönnuninni. Svör ykkar skipta okkur miklu máli og hjálpa okkur að sjá starfið okkar með augum foreldra. Þau eru dýrmæt leiðsögn í áframhaldandi þróun svo við getum áfram verið staður þar sem börn upplifa öryggi, hlýju og gleði – og fá að njóta sjálfstæðis, sköpunar, samvinnu og gleði í daglegu starfi.